



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2024

Fimmtudagur, 23. maí kl.17:15

Arion banki, Borgartún 19





Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál





Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir

Formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins





Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson cand.act

Tryggingastærðfræðingur



Tryggingafræðileg athugun

- Samanburður eigna og iðgjalda við vænt útgjöld vegna lífeyrisréttinda sjóðfélaga
- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998
 - Tryggingafræðingi þó heimilt að víkja frá staðalforsendum ef aðrar forsendur eiga betur við í viðkomandi sjóð
- Mikilvægustu forsendur eru um vexti (3,5% raunávöxtun) og lífs- og örorkulíkur



Forsendur útreikninga 2023

- Allar reikniforsendur eru óbreyttar frá fyrra ári
 - Réttindaöflun tekur frá 1.1.2023 mið af fæðingarári sjóðfélaga auk aldurs og fjárhæð iðgjalds
 - Þeim réttindum sem sjóðfélagar höfðu áunnið sér var ekki breytt
- Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er lægri örorkutíðni en er að meðaltali, 66% af meðaltali fyrir konur og 59% af meðaltali fyrir karla
- Lífslíkur þeirra sem verða fyrir orkutapi eru minni en lífslíkur annarra, svo af þessu leiðir einnig að meðalævi sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins reiknast lengri en er að meðaltali hjá lífeyrissjóðum



Árið 2023

- Starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða 2023:
- Áfram var mikil hækkun verðlags
 - Afleiðingin er samsvarandi hækkun lífeyrisréttinda og lífeyrisgreiðslna sem fylgja vísitölu verðlags
- Ávöxtunarmhverfi þó hagstæðara en árið 2022



Tryggingafræðileg staða

Í lok árs 2023

Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	150.910,9		150.910,9
Endurmat	1.809,6		1.809,6
Núvirði iðgjalda		176.661,1	176.661,1
Samtals eignir	152.720,5	176.661,1	329.381,6
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	136.674,2	140.206,5	276.880,6
Örorkulífeyrir	23.402,1	24.907,1	48.309,2
Makalífeyrir	5.531,2	4.424,7	9.955,9
Barnalífeyrir	180,5	1.260,8	1.441,3
Rekstrarkostnaður	1.581,7	3.315,0	4.896,7
Samtals skuldbindingar	167.369,7	174.114,1	341.483,8
Eignir umfram skuldbinding	-14.649,2	2.546,9	-12.102,3
Hlutfall	-8,8%	1,5%	-3,5%
Staða 2023:	-10,4%	1,2%	-4,4%



Staða Frjálsa lífeyrissjóðsins

- Heildarstaða innan marka laga um lífeyrissjóði
 - (-10% eitt skipti, -5% fimm ár í röð)
- Staða á réttindaöflun í góðu jafnvægi miðað við þær forsendur sem reiknað er eftir
- Halli á áfallinni stöðu
 - Minnkar þó aðeins milli ára
- Sjóðurinn er ungur, sem veitir nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun
- Vöxtur í iðgjöldum






Fjárfestingar- stefna 2024

Hjörleifur Arnar Waagfjörð


Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta




Fjárfestingarstefna Frjálsa




Fjárfestingarstefna Frjálsa



Fjárfestingarstefna Frjálsa



Fjárfestingarstefna Frjálsa





Kjör

endurskoðanda



Kjör endurskoðanda

Lagt er til að KPMG verði áfram endurskoðandi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Rökstuðningur:

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund
- Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins





Breytingar- tillögur stjórnar á samþykktum



Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting á gr. 16.2

Tilhögun lífeyrisgreiðslna

Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Ellilífeyrir greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjum mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimild að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur: Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á gr. 16.2. Annars vegar er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að skýrt sé að sjóðurinn greiði ellilífeyri eingöngu fyrir heila mánuði. Hins vegar er lagt til að skýrt sé að greitt sé fyrir heila mánuði þann mánuð sem sótt er um lífeyri og þann mánuð sem lífeyrir fellur úr gildi.



Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting á gr. 22.1

Gildistaka

Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí 2023 sbr. samþykki ársfundar 31. maí 2023. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að ákveða aðra dagsetningu og skal hún tilkynnt á ársfundi sjóðsins.

Rökstuðningur: Lagt er til að bætt verði við að stjórn verði heimilt að ákveða aðra dagsetningu á gildistöku samþykpta eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins og ef stjórn ætli að nýta sér slíka heimild þá verði tilkynnt um hana fyrirfram á ársfundi. Stjórn kann að þurfa nýta sér þessa heimild ef samþykktabreytingar kalla á mikla þróunarvinnu á kerfum sjóðsins sem taki lengri tíma en að fá staðfestingu frá ráðuneytinu.



Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting á gr. 16.2

Tilhögun lífeyrisgreiðslna

Tryggingardeildaratkvæði

Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Ellilífeyrir greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjum mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimild að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur: Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á gr. 16.2. Annars vegar er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að skýrt sé að sjóðurinn greiði ellilífeyri eingöngu fyrir heila mánuði. Hins vegar er lagt til að skýrt sé að greitt sé fyrir heila mánuði þann mánuð sem sótt er um lífeyri og þann mánuð sem lífeyrir fellur úr gildi.



Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting á gr. 22.1

Gildistaka

Heildaratkvæði

Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí 2023 sbr. samþykki ársfundar 31. maí 2023. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að ákveða aðra dagsetningu og skal hún tilkynnt á ársfundi sjóðsins.

Rökstuðningur: Lagt er til að bætt verði við að stjórn verði heimilt að ákveða aðra dagsetningu á gildistöku samþykpta eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins og ef stjórn ætli að nýta sér slíka heimild þá verði tilkynnt um hana fyrirfram á ársfundi. Stjórn kann að þurfa nýta sér þessa heimild ef samþykktabreytingar kalla á mikla þróunarvinnu á kerfum sjóðsins sem taki lengri tíma en að fá staðfestingu frá ráðuneytinu.





Laun stjórnarmanna



Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna

Stjórnarlaun aðalmanna

- Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði, 282.500 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.
- Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.
- Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

- Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.
- Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.





Önnur mál

